

Nd.

59. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson, Hákon Kristófersson og Ásgeir Ásgeirsson.

Við 2. gr. B. 1. Við töluliðinn bætist:

Frá Ísafirði að Gemlufelli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri við Arnarfjörð, frá Bildudal um Fossheiði póstleiðina til Þorskafjarðar.

Greinargerð.

Engin hjeruð landsins eru eins augljóslega útundan um vegagerð á kostnað rikissjóðs sem Ísafjarðarsýslur og Vestur-Barðastrandarsýsla. Í nokkrum tilfellum eru heilar sýslur, sem hafa því nær enga hreppavegi, heldur eru hinir gömlu hreppavegir gerðir að þjóðvegum með vegalögnum frá síðasta þingi, og þó verður engan veginn sagt, að sumir þessara þjóðvega sjeu fjölfarnir.

Þess ber að gæta, að Vestur-Ísafjarðarsýsla hefir engan styrk til samgangna innanhjeraðs, og heldur ekki Vestur-Barðastrandarsýsla.

Vegurinn frá Ísafirði að Dýrafirði mun vera einn af fjölförnustu vegum landsins, og því auðsætt, að rikissjóði ber skylda til að halda þar uppi sæmilegri vegagerð. Norður-Ísafjarðarsýsla hefir svo þunga bagga vegna Djúp-bátsins, að henni er algerlega um megn að leggja nokkuð af mörkum til annara samgöngubóta.